



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1359
komudagur 17.3.2006


Reykjavík, 13. mars 2006

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann. .

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 23. febrúar 2006, þar sem fram kemur beiðni til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á meðferð opinberra mála og almenn hengingarlög, 53. mál brottvísun og heimsóknarbann.

Bent er á að ekki er í greinargerð fjallað um þær sérstöku ástæður sem fyrir hendi geta verið til að hægt sé að heimila framlengingu á brottvísun og heimsóknarbanni skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið og lýsir yfir stuðningi við efni þess.

F.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur



Guðmundur St. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent: Stjórnsýslu- og starfsmannsvið



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2003

Umsögn

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirliggjandi frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, mál nr. 10, brottvísun og heimsóknarbann.

Athugasemdir Barnaverndarnefndar eru eftirfarandi:

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991

1. Athugasemd er gerð við niðurlag 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Bent á að hvort ekki sé rétt að tiltaka sérstaklega barn sem þolanda ekki bara mann, þe. "...eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu þess manns **eða barns** sem í hlut á."
2. Bent er á að ekki er í greinargerð fjallað um þær sérstöku ástæður sem fyrir hendi geta verið til að hægt sé að heimila framlengingu á brottvísun og heimsóknarbanni skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

1. 4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varði sektum. Hér skal bent á 97. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um að það varði sektum **eða fangelsi allt að tveimur árum** sé brotið gegn lögum fyrirmælum skv. 37. gr. barnaverndarlaga sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann.

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur